

Kennsluáætlanir 2025 – 2026

Birtar á heimasíðu skólans og með fyrirvara um breytingar

8. bekkur Myndmennt

Markmið, kennsluaðferðir og kennarar

Markmið og kennsluaðferðir:

Nemendum 8.bekkar er skipt upp í hópa í list- og verkgreinum. Tímabil hvernar greinar kallast lota og er skólaárinu skipt upp í sex lotur.

Nemendur í myndmennt eða sjónlistum vinna ýmis verkefni þar sem æfð eru grunnatriði myndlistar svo sem fjarvidd, litafræði og hlutföll. Einnig fá þeir að kynnast ýmsum efnum og aðferðum sem þeir geta notað til að tjá sig á persónulegan hátt. Þeir skoða myndlist og æfa sig í að þekkja stíla og stefnur. Með umræðum þjálfar nemendur svo orðaforða myndlistar, æfa sig í að tjá sig um valin listaverk og sín eigin verk.

Í meginatriðum fer námið fram í gegnum:

- Innlögn og kynningu
- Sýnikennslu og myndbönd
- Umræður
- Tilraunir og æfingar
-

Nemendur búa til vinnumöppu sem er metin við lok lotunnar og skila einnig stuttri kynningu um listaverk sem þeir velja

Kennari: Kristín Vilborg Sigurðardóttir

Námsmat

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmati í námsgreininni eru eftirfarandi:

- Þátttaka í kennslustundum/verkefnum
- Vinnusemi og vönduð vinnubrögð
- Umgengni og frágangur
- Framkoma
- Verkefnaþætti og kynning
- Hæfniviðmið lotunnar

Hæfniviðmið á hæfnikorti nemenda og verkefni eru metin í bókstöfum (A, B+, B, C+, C, D, L og Ó).

Námsaðlögun

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Nemendur vinna á eigin forsendum, eftir getu sinni og undir leiðsögn
- Kennarar veita bráðgerum nemendum tækifæri til að dýpka námsefnið hverju sinni
- Sérkennarar og faggreinakennarar vinna saman að því að finna leiðir og verkefni sem henta þroska og getu nemenda
- Einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir nemendur sem geta ekki fylgt skólanámskrá

Hlutverk og vinnulag nemandans

Hér koma fram viðmið um:

Samskipti		Viðbrögð við ritstuld	
Mæting og virkni í tímum	Nemendum ber að mæta á réttum tíma og vinna að þeim verkefnum sem lögð eru fyrir hvert sinn. Nemendur skulu nýta kennslutímann vel og fylgja fyrirmælum kennara	Heimavinna og hjálpargögn	Nemendur vinna eina kynningu sem þeir þurfa að flytja fyrir bekkinn. Ef það næst ekki að vinna hana í skólanum þarf að klára hana heima.
Hlutverk nemenda		Hlutverk kennara	

Lykilhæfni í námsgrein

Lögð er áhersla á eftirfarandi lykilhæfni viðmið í námsgreininni:

Nemandi:

- er skapandi, sýnir frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- getur unnið með öðrum, tekið tillit og lagt sitt að mörkum í hópavinnu
- sýnir ábyrga umgengni við vinnu og gengur frá vinnusvæði

Námsáætlun

Tímabil og viðfangsefni	Hæfniviðmið Byggð á matsviðmiðum við lok 10. bekkjar. Sjá nánar í skólanámskrá.	Námsmat	Kennsluaðferðir	Námsefni
Vika 1	• getur nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun • getur beitt fjölbreyttum	• Verkefnamappa með teikningum og verkefnum er metin í lok lotu	<i>Nemandi:</i> • Í upphafi hvers tíma er innlögn og samræður.	Ýmis myndbönd og kynningar

Kynning á verkefnum lotunnar. Verkefnamappa unnin/gerum fjarvíddarmynd Vika 2 Samvinnuverkefni, líkaminn gerður í fullri stærð Vika 3 Leirmótun Kynning Vika 4 Útiteikning / fríhendisteikning Litablöndun og málun Abstrakt list og kúbismi Vika 5 Íslensk myndlist Sjónarafl og íslensk conceptlist	aðferðum og tækni í eigin sköpun • getur unnið hugmynd frá skissu að lokaverki • getur tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu • getur gagnrýnt eigin verk og annarra af sanngirni og virðingu • greint hvernig samtímalist fæst við málefni daglegs lífs • Getur kynnt sér stíla og stefnur í myndlist	(nemendur hafa tíma til að klára, breyta og laga verkefni þar til lotunni lýkur) • Kynning á listamanni • Þátttaka, vinnusemi og umgengni	Kennslan er að mestu einstaklingsmiðuð. Að sýna vinnuferli, þróun frá hugmynd að afurð. • Skoðum hjálparreglur í fjarvíddarteikningu og vinnum mynd á A3 blað, málað eða litað. • Vinnum stóra líkama á hreyfingu, frjálst val um lokafrágang. • Nemendur kynnst nokkrum aðferðum við leirmótun og vinna frjálst í leir, móta eða nota fingrapotta aðferð. Hlutirnir eru svo glerjaðir • Nemendur velja sér listaverk og listamann sem þeir útbúa stutta kynningu um fyrir bekkinn. • Nemendur fara út og skissa og velja svo eina skissu sem þeir fullvinna inni. • Förum í blöndun lita og málum myndir tengdar stefnunum. • Vinnum verkefni í tengslum við íslenska myndlist.	Sjónarafl - þjálfun í myndlæsi, gefið út af Listasafni Íslands
---	---	---	---	---